

Ed.

461. Nofndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907
um skipun læknishéraða o. fl.

Vér, sem háttv. efri deild skipaði í nefnd, til að íhuga frumvarp þetta á þingskjali 44 um skifting Þingeyrarlæknishéraðs, og síðan var falið að íhuga sams konar frv. á þingskj. 177 um aðra skifting á Stranda- og Miðfjarðarlæknishéruðum, höfum ekki getað orðið á eitt mál sáttir, með því einn af oss er því mótfallinn, að mál þessi nái fram að ganga, en við tveir, sem sammála höfum orðið, leyfum okkur eindregið að ráða háttv. deild til að samþykkja bæði þessi frumvörp.

Á báðum þeim stöðum, sem hér um ræðir, eru svo miklir erfiðleikar á, að ná í læknishjálp, að við teljum, að ekki geti verið rétt að draga það, að ráða bót á því.

Í Þingeyrarhéraði er svo háttáð, að úr norðurhluta hins núverandi héraðs, einkum úr Súgandafirði, má ávalt heita illkleift og á veturnum því nær ókleift að vitja læknis. Auk þess er á Flateyri í Önundarfirði svo fjölfarið, að sótthættu vegna verður ekki hjá komist að þar sitji læknir.

Í Strandahéraði eru þessir erfiðleikar ef til vill enn þá meiri, svo að þar má heita að mikill hluti þess héraðs að norðan sé sviptur læknishjálp í flestum tilfellum, og getur svo búið ekki staðið til lengdar, og eugin ástæða til að fresta að bæta úr þessu ástandi.

Ítarlegri grein mun gerð fyrir þessu og þeim breytingum, sem við ráðum til á frumvörpunum, við framsögu málsins.

Breytingartillögur okkar eru þessar:

Við frumvarpið á þskj. 44.

1. A eftir: »Mýrahreppur« komi: »að undanteknum Ingjaldssandi«.
2. Á undan: »Mosvallahreppur« komi: »Ingjaldssandur í Mýrahreppi«.
3. Við frumvarpsgreinina bætist:
»Breyting þessi gengur þá í gildi, er Flateyrarhérað verður veitt umsækjanda«.

Í stað frumvarps á þingskj. 177 komi þannig lagað frumvarp:

F r u m v a r p

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Strandalæknishéraði skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Arneshreppur og nyrðri hluti Kaldrananeshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.

Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldrananeshrepps frá Bjarnarnesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík.

Breyting þessi gengur í gildi þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt umsækjanda.

Alþingi 14. apríl 1909.

Með skirskotun til þess sem greint er um ágreining nefndarmanna hér að framan:

Steingrímur Jónsson,
formaður.

Ari Jónsson

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögumaður.